



Umboðsmaður Alþingis
Álftamýri 7
150 Reykjavík

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165
postur@vel.is velferdarraduneyti.is

LJÓSRIT

Reykjavík 1. ágúst 2013
Tilv.: VEL13020206/05.87.02

Efni: Kvörtun

Velferðarráðuneytið vísar til bréfs umboðsmanns Alþingis, dags. 18. júní 2013, vegna erindis Auðbjargar Reynisdóttur, þar sem hún kvartar yfir ákvörðun ráðuneytisins, dags. 7. mars 2012.

Í framangreindu bréfi fer umboðsmaður Alþingis fram á að fá nánari upplýsingar og skýringar á því hvort rétt hafi verið að ljúka meðferð málsins og ítrekar þá ósk að ráðuneytið skýri nánar á hvaða grundvelli það byggir það mat sitt að brot á andmælareglu hefði ekki haft áhrif á efnislega niðurstöðu málsins.

Í kæru Auðbjargar til ráðuneytisins vegna málsmeðferðar embættisins var ekki kvartað undan því að sérfræðiálit nafn læknis hafi ekki verið sent fyrr en með álitsgerð embættisins, dags. 25. júlí 2011, og hún ekki komið að efnislegum athugasemdum við sérfræðiálitið. Við meðferð kærumáls Auðbjargar Reynisdóttur, hvað varðar málsmeðferð Embættis landlæknis, voru höfð til hliðsjónar fyrirbyggjandi gögn, þar á meðal greinargerð nafn læknis sérfræðilæknis, dags. 16. september 2010, sérfræðiálit nafn læknis tauga- og endurhæfingarlæknis á Reykjalundi, dags. 23. mars 2011, greinargerð Embættis landlæknis, dags. 9. nóvember 2012 og bréf Auðbjargar dags. 29. nóvember 2011.

Af framangreindum gögnum sem álit embættisins byggir á, varð ekki ráðið að átt hafi sér stað vanræksla né mistök við meðferð þá er Auðbjörg hlaut. Því var það niðurstaða ráðuneytisins að þrátt fyrir að hún hafi ekki fengið sérfræðiálitið í hendur fyrr en með álitsgerðinni og í ljósi fyrirbyggjandi gagna og upplýsinga í málinu, meðal annars kæru til ráðuneytisins, dags. 14. október 2011, og andmæla hennar við greinargerð Embættis landlæknis, dags. 9. nóvember 2011, hafi sá meinbaugur á málsmeðferð Embættis landlæknis að Auðbjörgu hafi ekki verið gefinn kostur á að andmæla sérfræðiáliti nafn læknis sérfræðings í tauga- og endurhæfingarlækningum, ekki haft áhrif á efnislega niðurstöðu málsins.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra